Skóla-akur

Vefrit um skólamál 10. tbl. 8. árg. 22. maí 2014

Myndir augnabliksins eru frá afhendingu viðurkenninga skólanefndar.

Viðurkenningar skólanefndar.

Nemendur:

Egill Andrason Brekkuskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir að leitast alltaf við að gera sitt besta og að vera jákvæð fyrirmynd.
Unnar Óli Arnarson Oddeyrarskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir miklar framfarir námslega og félagslega.
Una Haraldsdóttir Tónlistarskólanum á Akureyri. Hlýtur viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur og virka þátttöku í skólastarfi.
Hlynur Friðriksson Glerárskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir framúrskarandi aðkomu að félagslífi og jákvætt hugarfar.
Brynjólfur Skúlason Naustaskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir virkni í félagsstarfi, frumkvæði, listsköpun og tjáningu.
Sunna Guðrún Pétursdóttir Síðuskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur, jákvæðni, samviskusemi og að vera góð fyrirmynd.
Eyrún Tanja Karlsdóttir Giljaskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir metnað, dugnað, framkomu, ábyrgð og ósérhlífni.
Elín Kata Sigurgeirsdóttir Lundarskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir listsköpun og að vera jákvæð fyrirmynd.

Starfsmenn og verkefni:

Michael Jón Clarke Tónlistaskólanum á Akureyri. Hlýtur viðurkenningu fyrir ævistarf, uppbyggingu klassískrar söngdeildar og Suzukideildar.
Íris Hrönn Kristinsdóttir Krógaból. Hlýtur viðurkenningu fyrir fagmennsku og vönduð vinnubrögð.
Guðrún Hólmfríður Þorkelsdóttir Pálmholti. Hlýtur viðurkenningu fyrir einstaka, réttsýna og faglega sýn á leikskólabarnið.
María Aðalsteinsdóttir Oddeyrarskóla. Hlýtur viðurkenningu fyrir metnaðarfulla og markvissa kennslu í stærðfræði á unglingastigi.
Jóhannes Áslaugsson, Jónína Vilborg Karlsdóttir, Sigríður María Bjarnadóttir og Þórhalla Laufey Guðmundsdóttir Lundarskóla. Hljóta viðurkenningu fyrir öflugt staf í list- og verkgreinateymi.

Sumarlestur 2014.

Sumarnámskeiðið *Sumarlestur – Akureyri bærinn minn* er haldið í júní ár hvert og verður svo einnig á komandi sumri og verður það 14. skiptið. Að námskeiðinu standa Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri í samstarfi við aðrar menningarstofnanir bæjarins. Í ár eru námskeiðin fjóra daga í viku frá kl. 9.00 - 12.00. Námskeiðin eru 10.- 13. júní, 16.- 20. júní (frí 17. júní) og 23.- 26. júní.
Sumarlestur er lestrarhvetjandi námskeið fyrir börn í 3. og 4. bekk, með áherslu á menningu og sögu Akureyrar. Rauði þráður námskeiðsins er lestur. Þá er bæði átt við bóklestur en einnig læsi á umhverfið. Lesið verður í minjar og sögu, list og náttúru. Þannig er lesið í lífið og tilveruna alla námskeiðsdagana og jafnvel lengur því vonandi fylgir börnunum áfram sú meðvitund sem vaknar varðandi umhverfi þeirra og sögu. Undir leiðsögn safnfræðslufulltrúa kynnast börnin starfsemi Amtsbókasafnsins, Minjasafnsins og annarra menningarstofnanna. Börnin kynnast starfseminni sem þarna fer fram í samhengi við markmið námskeiðisins. Námskeiðin verða kynnt í maí í grunnskólum og kynningarefni vegna þeirra dreift. Skráning hefst 26.maí.
Sé frekari upplýsinga óskað má hafa samband við safnfræðslufulltrúa safnanna, Rögnu Gestsdóttur á Minjasafninu á Akureyri á netfanginu ragna@minjasafnid.is og Herdísi Önnu Friðfinnsdóttur á Amtsbókasafninu á netfanginu herdisf@akureyri.is

Norræn listahátíð á Akureyri – fyrsta sinnar tegundar.

Dagana 20.-23. ágúst verður haldin Norræn þjóðlistahátíð á Akureyri. Hátíðin er sú fyrsta sinnar tegundar en aldrei fyrr hefur verið blásið til listahátíðar með þjóðtónlist og þjóðdansi allra Norðurlandanna. Sjá nánar á: http://www.rha.is/folk

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Sveitaferð leikskóladeildar Hríseyjarskóla.

Farið var í heimsókn í Stóra- Dunhaga og sýna myndirnar áhugasama krakka í sveitinni.

Samkennd á Tröllaborgum.

Í vetur hefur verið unnið með samkennd og af því tilefni var efnt til sölusýningar fyrir foreldra. Börnin seldu myndir eftir sig og það fé sem safnaðist var afhent Hjálparstofnun kirkjunnar í söfnun fyrir börn í Malaví.

Skólastarfið á vorin.

Ferðalög og útivist eru stór partur af skólastarfinu á vorin og skemmtilegt að skoða fréttir og myndir á heimasíðum skólanna. Hér má sjá nemendur úr 9. bekk Síðuskóla á toppnum á Súlum en þau gengu á Súlur í blíðskaparveðri á dögunum.
Marimbasveit Giljaskóla fór til Svíþjóðar og þar fóru þau á marimba-, djembe- og afródans námskeið sem haldið var af kennurum frá Svíþjóð, Noregi og Zimbabwe og eins og sjá má á myndunum hefur þetta verið vel heppnuð ferð.

Grænlendingar í heimsókn í Brekkuskóla.

Nemendur frá Nuuk í Grænlandi komu í heimsókn í Brekkuskóla. Þau fengu kynningu á skólanum og hittu jafnaldra sína í 9. bekk Brekkuskóla. Þau fóru einnig í smærri hópum í nokkra árganga í skólanum og kynntu Grænland fyrir nemendum og gáfu kost á spurningum.
Nemendurnir kynntu Grænland ýmist á ensku eða dönsku sem var bæði áskorun fyrir þau sem kynntu og þau sem hlustuðu. Nemendurnir í Brekkuskóla voru óhræddir við að spyrja og skemmtilegt að heyra hvað vakti mestan áhuga þeirra.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 5. júní.